

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 824 — 583. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir
og lögum um húsnæðismál (almennar íbúðir vegna
náttúruhamfara í Grindavíkurbæ).

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp það sem meiri hluti velferðarnefndar hefur lagt fram. Nefndin fékk á sinn fund gesti frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Rauða krossinum á Íslandi. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lýst því yfir að það styðji að frumvarpið nái fram að ganga.

Markmið frumvarpsins er að mæta húsnæðisþörf Grindvíkinga sem rýma þurftu heimili sín vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga til að tryggja Grindvíkingum húsnæði til leigu meðan á almannavarnaástandi og rýmingu stendur og lengur ef þörf krefur.

Guðbrandur Einarsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitum þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 15. desember 2023.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Línaik Anna Sævarsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir.
form., frsm.

Ásmundur Friðriksson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Guðmundur Ingi Kristinsson.

Óli Björn Kárason.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Gísli Rafn Ólafsson.